

SAMÞYKKT

um hundahald í Fellahreppi.

1. gr.

Hundahald í Fellahreppi sætir þeim takmörkunum sem getur í 2. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum sem búa í sveitarfélaginu leyfi til hundahalds með ákveðnum skilyrðum. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi, og er ekki framseljanlegt. Leyfið er einnig bundið við þann hund sem heimildin er gefin út fyrir.

Eftirfarandi skilyrði gilda í þéttbýli Fellahrepps í skipulögðum sumarhúsaahverfum, á öðrum útivistarsvæðum og á merktum göngustígum:

- a) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal umsókninni fylgja skriflegt samþykki allra eigenda íbúða í stigaganginum, svo og leigutaka, ef um leigufúðir er að ræða. Leigjandi þarf jafnan að framvísa samþykki leigusala síns.
- b) Leyfisgjald vegna hundahalds skal greiða árlega til sveitarsjóðs, eftir samþykkttri gjaldskrá sveitarstjórnar, samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Heimilt er sveitarstjórn að fella niður eða ákveða lægra gjald fyrir hunda sem notaðir eru til löggæslu eða björgunarstarfa, minkahunda o.þ.h. Af leiðsöguhundum sem blindir eða sjónþaprir nota vegna fötlunar sinnar skal ekki greiða gjald. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins, og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga, fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- c) Við greiðslu gjalds skv. b-lið ber leyfishafa að framvísa vottorði dýralæknis um að hundurinn hafi verið hreinsaður af bandormum og hringormum. Hundar skulu færðir til hreinsunar ár hvert.
- d) Ábyrgðartrygging hjá viðurkenndu váttryggingafyrirtæki er skilyrði fyrir skráningu, og skal vottorð þar um fylgja umsókn. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda á mönnum og munum. Lágmarkstryggingarupphæð er kr. 10.000.000 (tíu milljónir).
- e) Hundinn skal örmerkja hjá dýralækni.
- f) Hund skal ávallt hafa í taumi utanhúss og í fylgd manns sem hefur fullt vald yfir honum. Sé hundur tjóðraður á lóð, skal festarlengdin miðast við að fólk geti óhindrað gengið að aðaldyrum húss.
- g) Leyfishafa ber að sjá svo um að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, eða raski ró manna. Hundeiganda er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
- h) Ekki má hleypa hundi inn í skóla, leikvelli, íþróttavelli eða aðra þá staði sem um getur í hollustuháttareglugerð nr. 941/2002.
- i) Óheimilt er að fara með hunda á almennar útisamkomur.
- j) Óheimilt er að láta hund dvelja lengur en tvo mánuði á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.
- k) Óheimilt er að hafa fleiri en tvo hunda eldri en tveggja mánaða gamla á sama heimilinu.
- l) Ákvæði stafaliða h og i hér að framan sem takmarka umferð og lausagöngu hunda, eiga ekki við um nytjahunda að störfum.

Eftirfarandi skilyrði gilda í dreifbýli Fellahrepps:

- a) Íbúar utan þéttbýlis í Fellahreppi þurfa ekki að sækja um leyfi fyrir hundahaldi, nema fleiri en tveir fullorðnir hundar séu á heimilinu.

- b) Ekki þarf að greiða leyfisgjald af hundum. Þó skulu eigendur hunda greiða þann kostnað sem af lögbundnum hreinsunum og lækniaðgerðum hlýst, sbr. c-lið í 2. mgr. eftir því sem við á. Sömuleiðis ber eiganda að greiða þann kostnað sem af hlýst, ef hundurinn er tekinn í vörslu eða hann aflífaður, sbr. 6. gr.
- c) Hundar í dreifbýli mega ganga lausir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti gilda ákvæði 2. mgr. eftir því sem við á.

3. gr.

Umsóknir um leyfi til hundahalds skal leggja fram á skrifstofu Fellahrepps á þar til gerðum eyðublöðum.

4. gr.

Fellahreppur getur ráðið sérstakan dýraeftirlitsmann. Dýraeftirlitsmaður starfar í umboði sveitarfélagsins. Hann tekur óskilahunda í vörslu og þá aðra hunda sem eru í sveitarfélaginu í leyfisleysi.

Halda skal skrá yfir hunda sem veitt er leyfi fyrir, þar sem fram koma upplýsingar um hundinn og eiganda hans. Skráin skal vera aðgengileg heilbrigðiseftirliti og dýraeftirlitsmanni, sé hann starfandi.

5. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu. Alvarleg eða ítrekuð brot geta leitt til leyfissviptingar. Leyfishafa ber ætíð að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir þar sem það er óheimilt, er heimilt að handsama og færa í vörslu. Hunda sem leyfi er fyrir og eru teknir í vörslu, er heimilt að afhenda leyfishafa, gangi hann eftir því innan einnar viku, og þá gegn yfirlýsingu leyfishafa þess efnis að hann viðurkenni að skulda áfallinn kostnað af vörslunni.

Sé ómerktur eða leyfislaus hundur tekinn í vörslu, skal auglýsa eftir eigandanum. Gefi sig enginn umráðamaður eða eigandi fram innan einnar viku, má færa hundinn til aflífunar. Sveitarsjóður ber kostnað af vörslu og aflífun hunds, en á endurkröfu á eiganda hans.

Hunda sem sannanlega ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja þegar í stað, og er lögreglu eða dýraeftirlitsmanni heimilt að færa þá til aflífunar án frekari tafa.

7. gr.

Samþykkt þessi sem sett er af sveitarstjórn Fellahrepps að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Austurlands staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Fellahreppi nr. 652/1980.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir sem halda hunda við gildistöku samþykktarinnar, en hafa ekki leyfi fyrir þeim, skulu sækja um leyfi fyrir hundum sínum samkvæmt samþykkt þessari fyrir 1. ágúst 2003.

Umhverfissráðuneytinu, 20. júní 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Samundsdóttir.